

**Ed.**

**9. Frumvarp til laga**

[9. mál]

um breyting á lögum nr. 68 10. október 1967, um Iðnlánasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

1. gr.

6. málsgrein 6. greinar laga nr. 68 10. október 1967, um Iðnlánasjóð, orðist svo: Þegar Iðnlánasjóður tekur erlend lán, sem bundin eru við endurlán til tiltekinna framkvæmda, skal féð endurlánað með gengisákvæði og hæfilegum vaxtamismun og kostnaði til Iðnlánasjóðs. Þó er sjóðnum heimilt að endurlána lánsfé frá Iðnþróunarsjóði án gengisákvæða, enda tryggi stjórn Iðnlánasjóðs hag hans með öðrum hætti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

**BRÁÐABIRGÐALÖG**

um breyting á lögum nr. 68 10. október 1967 um Iðnlánasjóð.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Iðnaðarráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að gera breytingar á lögum nr. 68 10. október 1967 um Iðnlánasjóð.

Samkvæmt nefndum lögum sé Iðnlánasjóði eigi heimilt að endurlána erlent lánsfé til tiltekinna framkvæmda nema með gengisákvæði. Stjórn Iðnþróunarsjóðs hafi nú veitt Iðnlánasjóði lán til endurlána til tiltekinna framkvæmda, en slík endurlán mundu samkvæmt ofanefndu lagaákvæði verða að vera með gengisákvæði. Þetta hefði í för með sér það misræmi, að þeir aðilar, sem sjóðurinn endurlánaði af lánsfé Iðnþróunarsjóðs, nytu annarra kjara en aðrir lánþegar Iðnlánasjóðs. Til þess að koma í veg fyrir slíkt misræmi og þar sem nauðsynlegt sé að hraða útlánnum sjóðsins sem mest, beri brýna nauðsyn til að gera breytingar á nefndum lögum um Iðnlánasjóð í samræmi við tillögur stjórnar sjóðsins, sem feli í sér heimild fyrir Iðnlánasjóð til að endurlána lánsfé frá Iðnþróunarsjóði án gengisákvæða.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

6. málsgrein 6. greinar laga nr. 68 10. október 1967, um Iðnlánasjóð orðist svo: Þegar Iðnlánasjóður tekur erlend lán, sem bundin eru við endurlán til tiltekinna framkvæmda, skal féð endurlánað með gengisákvæði og hæfilegum vaxtamismun og kostnaði til Iðnlánasjóðs. Þó er sjóðnum heimilt að endurlána lánsfé frá Iðnþróunarsjóði án gengisákvæða, enda tryggi stjórn Iðnlánasjóðs hag hans með öðrum hætti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 31. júlí 1970.*

**Kristján Eldjárn.**  
(L. S.)

Jóhann Hafstein.